

Viðskiptanefnd Alþingis  
Margrét María Grétarsdóttir  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**V.: Bráðbirgðalög um raflagnir á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, 65. mál**

Það að ráðherrar setji bráðabirgðarlög og kippi úr sambandi löggiltum reglugerðum til þess að þjóna einum tilteknum aðila er háalvarlegt mál og brot á jafnræðisreglu. Með þessu er verið að setja fordæmi sem ekki sér fyrir endan á. Getur byggingaraðili vænt sömu meðferðar? Getur stór aðili eins og t.d. Landsvirkjun vænt sömu meðferðar ef reistar verða stórar vinnubúðir? Þessar reglugerðir eru reyndar ekki allar á valdi íslenskra stjórnvalda, þær eru samkvæmt EES stöðlum sem íslenskt stjórnvöld geta ekki breytt og þeim grundvelli stenst þessi aðgerð alls ekki vegna jafnræðisreglna.

Þýðingarmesti munurinn milli ameríska 110 volta kerfisins og evrópska 230 volta kerfisins er ekki spennunmunurinn eins og forsvarsmenn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar hafa hamrað á í andsvörum sínum, heldur er það mikill munur kröfum um varnarbúnað. Útleysitími varrofa er þar mun lengri og mun hærri lekastraumur þarf að fara um þann sem verður fyrir rafstuði áður en búnaðurinn leysir út. Straumur umfam 200 mA í 200 millisek. veldur alvarlegum innra bruna, hjartatruflunum og skemmdum í vöðvum og nýrum. Lekaliðar eru í evrópsku kerfunum og þar er ekki bara mælt á milli fasa heldur einnig til jarðar og ásamt því að öll tæki jarðbundinn eða með tvöfaldri einagrun. Til þess að sá þýðingarmikili varnarbúnaður virki þufti að breyta raflögnum í flugvallaríbúðunum verulega, skipta út töflukössum og jarðtengja búnað og skipta um allt raflagnaefni. Ekkert af þessu var til staðar í flugvallaríbúðunum og Þróunarfélagið virti að vettugu óskir Neytendastofu um lagfæringar.

Það vakti athygli rafiðnaðarmanna en fór hljótt í fjölmiðlum þegar hin einkennilegu Bráðabirgðalög voru sett föstudaginn 6. Júlí, komu ráðherrar fram og sögðu að þetta væri smámál. Rafiðnaðarmenn bentu á að því færi fjarri, það væri verið að spila með öryggi 350 fjölskyldna. Á laugardeginum 7. júlí er farið að hringja í rafvirkja og rafverktakafyrirtæki um öll Suðurnes og höfuðborgarsvæðið og ráða rafiðnaðarmenn til breytinga á íbúðunum. Sama ráðningarvinna hélt áfram næstu daga á eftir.

Rafiðnaðarmönnum þótti því fjölmiðlafarsi Þróunarfélagsins á mánudeginum 9. júlí ámælisverður, en þá mætti framkvæmdastjóri Þróunarfélagsins í morgunútvarp og lýsti því yfir að formaður Rafiðnaðarsambandsins væri fífl og vissi ekkert um rafmagnsmál. Telft var fram á Stöð 2 verkfræðing sem sagður var hafa starfað einvörðungu í 30 ára í amerískum raflögnum. Hann sýndi að í íbúðunum væru tenglar sem væru eins og tíðkast á Íslandi og kominn varnarbúnaður. Ekki kom fram að þessi vinna hefði farið af stað um helgina. Auk þess kom ekki fram að Þróunarfélagið hefði virt að vettugi tilmæli Neytendastofu frá því í nóvember 2006 um að ekki yrði flutt inn í íbúðirnar fyrir en að lagfæringum loknum.

Þróunarfélagið virti að vettugi fyrirmæli æðsta valds rafmagnseftirlits hér á landi sem sett voru fram í nóvember 2006 og skapaði sjálft þessa stöðu. Það að stjórnvöld rjúki til og setji bráðabirgðalög um að taka úr sambandi grundvallaröryggisreglugerðir er mjög alvarlegt mál og ámælisvert sé litið til aðdraganda málsins. Ef Þróunarfélagið hefði verið strax að fyrirmælum Neytendastofu, þá hefði unnist tíma til þess að gera magninnkaup á rafbúnaði og eins tilboðum í verkið með útboðum og nægur tími til þess að lagfæra það sem lagfæra þurfti til þess að rafbúnaður stæðist lágmarkskröfur. Það breytir svo ekki því að eftir er að gera ákaflega kostnaðarsamar breytingar á dreifibúnaði, svo spenna og rið sé í samræmi við Evrópska staðla.

**Rafbúnaðurinn á Keflavíkurflugvelli er í dag slysigildra sérstaklega fyrir rafiðnaðarmenn sem starfa við hann, þar sem nú eru tvö kerfi í gangi og eiga að vera um nokkurt skeið. Rafiðnaðarsambandið ítrekar áður framsettar kröfur, að allur rafbúnaðurinn á varnarsvæðinu fullnægi íslenskum reglugerðum.**

**Rafiðnaðarsamband Íslands er algjörlega á móti því að þessi lög verði staðfest.**

**Að gefnu tilefni þá styður Rafiðnaðarsambandið heilshugar þá uppbyggingu sem á sér stað á varnarsvæðinu fyrirverandi.**

Reykjavík 24. október. 2007.

Virðingarfyllst Guðmundur Gunnarsson form Rafiðnaðarsambands Íslands